

Stefna gegn mútupægni og spillingu

Tilgangur

Stefna þessi gildir um Ósar – lífæð heilbrigðis hf. sem og dótturfélögin, Icepharma hf. og Parlogis ehf. (sameiginlega nefnd “samstæðan” eða “Ósar”).

Stefna þessi skal tryggja viðeigandi umgjörð og varnir gegn spillingu og mútupægni (anti-bribery and anti-corruption, ABAC).

Gildissvið

Stefna þessi tekur til alls starfsfólks samstæðunnar sem eru í samskiptum við viðskiptavini samstæðunnar, heilbrigðisstarfsmenn og aðra opinbera starfsmenn og aðila sem starfa fyrir samstæðuna eða fyrir hönd hennar, að einhverju leyti.

Ábyrgð

Forstjóri ber ábyrgð á:

Að tryggja að varnir samstæðunnar gegn mútupægni og spillingu (ABAC stefna) sé í samræmi við gildi og markmið þess.

Gæðastjórar bera ábyrgð á:

Að gæðakerfi samstæðunnar endurspegli stefnu gegn spillingu og mútupægni. Að allt starfsfólk sé upplýst um stefnuna og starfsmenn sem eru í samskiptum við opinbera starfsmenn og heilbrigðisstarfsmenn fái viðeigandi þjálfun í stefnunni.

Stjórnendur þ.e. forstjóri, sviðsstjórar og framkvæmdastjórar skulu:

Þekkja og starfa í samræmi við stefnu þessa og sýna gott fordæmi, með sínum störfum, með því að stuðla að ráðvendni, heiðarleika og ábyrgðartilfinningu starfsfólks. Stjórnendur bera ábyrgð á hlítni starfsfólks við stefnu þessa og eftirliti með því að stefnunni sé framfylgt.

Starfsfólk og aðrir sem starfa fyrir hönd Ósa, skal:

Þekkja og starfa í samræmi við stefnu þessa og sækja viðeigandi fræðslu sem tengist stefnunni og tryggir framfylgd hennar.

Framkvæmd

Skilgreiningar

Mútur:

Fela í sér að bjóða, lofa, gefa, þiggja eða sækjast eftir mútugreiðslu. Mútugreiðsla merkir hvers konar fjárhagsleg umbun, hvati eða umbun að öðrum toga, fyrir eða sem ætlað er að hvetja til aðgerða sem eru ólöglegar, siðlausar, teljast trúnaðarbrestur eða eru óviðeigandi á nokkurn hátt, hvar sem er í heiminum.

Spilling:

Misnotkun á valdi eða stöðu í þágu einkahagsmuna.

Opinber starfsmaður:

Einstaklingur er starfar hjá ríkisfyrirtæki eða ríkisstofnun, sveitafélagi eða sjálfseignastofnun sem kostuð er að meirihluta til af almannafé.

Heilbrigðisstarfsmaður:

Samkvæmt [lögum um heilbrigðisstarfsmenn](#) er heilbrigðisstarfsmaður einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar. Dæmi um má nefna fagstétt lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga og lyfjatækna.

Meginreglur

Við fylgjum lögum, reglum, viðurkenndum starfsháttum, stefnum, verklagsreglum settum starfseminni til stuðnings, siða- og samskiptareglum og öðrum viðmiðum svo sem samningum við birgja sem eiga við um störf okkar hverju sinni og lúta að faglegri starfsemi okkar.

Við störfum á ábyrgan, faglegan, sanngjarnan og heiðarlegan hátt í öllum viðskiptum og viðskiptasamböndum þar sem hvers konar mútur og spilling er hvorki viðhöfð né liðin.

Við hvorki þiggjum né veitum fjárhagslega fyrirgreiðslu sem getur haft áhrif á dómgreind okkar í starfi eða á annan hátt er ætlað að hvetja til aðgerða sem eru ólöglegar, siðlausar, teljast trúnaðarbrestur eða eru óviðeigandi á nokkurn hátt.

Við stundum hvorki né samþykkjum peningaþvætti með neinum hætti og árlega er framkvæmd endurskoðun á ársreikningum samstæðunnar og félaga innan hennar af viðurkenndum óháðum aðila sem starfar samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Okkur er umhugað um hagsmunaaðila okkar og við viljum taka þátt í að byggja upp samfélag og njóta virðingar. Við vitum að virðingu ávinnum við okkur með athöfnum okkar og ákvörðunum. Samskipti okkar helgast því af trausti, heilindum, sanngirni og virðingu.

Það er á ábyrgð starfsfólks að viðhalda orðspori og ímynd Ósa og dótturfélaga með orðum sínum og gerðum og því ber öllu starfsfólki að kynna sér siða- og samskiptareglur samstæðunnar, og framfylgja þeim, ásamt almennum lögum og reglum sem gilda um starfssvið þess.

Starfsfólk samstæðunnar sem vinnur með lyf og lækningatæki skal einnig fylgja eftirfarandi reglum og samningum í samskiptum við heilbrigðisstarfsfólk og fulltrúa heilbrigðisstofnana:

- [Reglum EFPIA og Frumtaka um samskipti við heilbrigðisstarfmenn, heilbrigðisstofnanir og sjúklingasamtök \(Uppfærð íslensk útgáfa frá 2022\).](#)
- Íslensk sérákvæði við siðareglur EFPIA, [sbr. ákvæðum í íslenskum viðauka við reglur EFPIA.](#)
- Ákvæðum í samningi Læknafélags Íslands, Frumtaka, Félagi atvinnurekenda og Samtökum verslunar og þjónustu um samskipti lækna og fyrirtækja sem framleiða og flytja inn lyf ([uppfærð útgáfa frá 2020](#)).
- [Code of Ethical Business Practice](#) (Medtech) um samskipti við heilbrigðisstarfsfólk vegna kynninga á lækningatækjum.

Gagnsæi

Gagnsæi í samskiptum er lykillinn að því að lágmarka líkur á spillingu og mútuþægni.

Ósar og dótturfélög heimila greiðslur til heilbrigðisstarfsfólks gegn skriflegum samningi, samkvæmt viðmiðum Icepharma fyrir fundi eða ráðgjöf. Upplýsingar um greiðslur til heilbrigðisstarfsfólks eru birtar, á heimasíðu [Frumtaka](#) og/eða á vef Icepharma (Disclosure Code).

Framlög og styrkir til heilbrigðisstofnana, sjúklingasamtaka, lögaðila eða rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu (Healthcare Organization) eru birtir opinberlega á heimasíðu [Frumtaka](#) og/eða, ef við á, á vef Ósa, Parlogis eða [Icepharma](#) í þeim tilgangi að tryggja gagnsæi við veitingu verðmæta.

Eftirlit

Allar færslur á kreditkortum starfsfólks eru yfirfarnar og samþykktar af deildastjórum eða framkvæmdastjórum mánaðarlega. Allir reikningar eru samþykktir af deildarstjórum eða framkvæmdastjórum og fara í gegnum bókhald. Framkvæmdastjórar yfirfara uppgjör deilda mánaðalega. Endurskoðendur frá KPMG gera endurskoðun á bókhaldi Ósa og dótturfélaga árlega.

Samstæðan er með tryggt ferli fyrir ábendingar um misferli en með misferli er átt við þegar félög innan samstæðunnar eða starfsfólk hefur í störfum sínum orðið uppvíst að ólöglegu athæfi, valdið öðrum tjóni eða brotið gegn siða- og/eða samskiptareglum. Samstæðan tryggir að allar ábendingar um misferli fái rétta meðferð og nafnleysi tilkynnandans sé tryggt. [Sjá hér.](#)

Við hvetjum starfsmenn til að greina frá brotum til gæðastjóra, næsta yfirmanns eða nafnlaust á [heimasíðu](#). Við brot á verklagsreglum sem styðja við stefnu þessa fylgjum við agastefnu samstæðunnar ef við á.

Háttsemi sem brýtur gegn stefnu þessari gæti einnig leitt til þess að aðili sæti viðurlögum samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga eða öðrum lögum, héraðs sem erlendis.